



Grunnur gatnagerðargjalds er byggingakostnaður á fermeter í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Í febrúar 2016 er byggingakostnaður á fermeter í fjölbýlishúsi samkv ofangreindu 199.953 kr.

Gjaldflokkar eru þrír og skal viðeigandi hundraðshluti af byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis lagður á hvern fermeter nýbyggingar.

3%

- Einbýlishús með bílgeymslu
- Parhús með bílgeymslum
- Raðhús með bílgeymslum
- Fjölbýlishús með bílgeymslum

2%

- Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði
- Iðnaðarhúsnæði

1%

- Hesthús
- Útihús, gróðurhús og fleira tengt landsbúnaði

Flatarmál bygginga skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhús, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjöld.

Fyrir lagnakjallara og glerskál með gagnsæju þaki greiðist gatnagerðargjald.

Gjaldið breytist 1 dag hvers mánaðar samkvæmt breytingu í byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis.

Lágmarksgjald

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir

- | | |
|-------------------------------|------------------------------|
| · Einbýlishús með bílageymslu | 160 m ² pr. Íbúð. |
| · Parhús með bílgeymslum | 115 m ² pr. Íbúð. |
| · Raðhús með bílgeymslum | 105 m ² pr. Íbúð. |

Greiðsluskilmálar

Innan þriggja mánaða frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingaleyfis skal greiða 25 % af álöggðu gatnagerðargjaldi. Þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu skal greiða 75 % gjaldsins.